

**36. byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
Þriðjudaginn 26. apríl 2011 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Heiðar Jóhannsson, Aðalsteinn Magnússon, Sigurvin Hreiðarsson, Guðlaug
Björgvinsdóttir (GB), Ármann Halldórsson, Ásgeir Jónsson (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ármann Halldórsson.

Dagskrá:

- 1. 1104004 - Varðar 5. tl. ákvæðis til bráb. í skipulagslögum 123/2010.**
Í framhaldi bréfs frá Skipulagsstofnun sem barst Tálknafjarðarhreppi 1. apríl 2011, felur bygginganefnd starfsmanni tæknideildar að bera saman þau gögn sem Skipulagsstofnun hefur undir höndum við þau sem sveitafélagið hefur og svara bréfi Skipulagsstofnunar.
Samþykkt samhljóða.
- 2. 1102104 - Deiliskipulag - Kirkja og hótél**
Í framhaldi bréfs frá Skipulagsstofnun sem barst Tálknafjarðarhreppi 1. apríl 2011, felur bygginganefnd starfsmanni tæknideildar að bera saman þau gögn sem Skipulagsstofnun hefur undir höndum við þau sem sveitafélagið hefur og svara bréfi Skipulagsstofnunar.
Samþykkt samhljóða.
- 3. 1104056 - ESG upplýsingaskilti um lífríki í fjörum Tálknafjarðar.**
Sigurvin víkur af fundi og Ásgeir kemur inn í hans stað. Bygginganefnd barst umsókn um byggingarleyfi og fylgigögn frá ESG veitingum ehf., á upplýsingaskiltum í landi Litla-Laugardals og á Naustartanga í Tálknafjarðarhreppi. Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeigenda Naustartanga.
- 4. 1011033 - Upplýsingagjöf byggingafulltrúa**
Ásgeir Jónsson víkur af fundi og Sigurvin kemur inn á fundinn.
Erindi frá Tíglinum ehf.
Varðandi byggingaleyfi um uppsetningu á svalahurð við suðurhlíð hússins þar sem nú er gluggi. Bygginganefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti með fyrirvara um að frekari gögn berist. Upplýsingagjöf byggingafulltrúa er lokið og fundi slitið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____